



Náttúruverndaráætlun

Fræðilegur grunnur og núverandi áætlun

María Harðardóttir
náttúruverndar- og útivistasvið



Náttúruverndaráætlun 2004-2008

- Tilurð: 65. gr. laga nr. 44/1999, um náttúruvernd
- Í fyrsta sinn lögð fram á Alþingi í upphafi vorþings 2004 – samþykkt án breytinga

Umhverfisráðherra skal láta vinna náttúruverndaráætlun og leggja fram á Alþingi eigi sjaldnar en á fimm ára fresti.

Náttúruverndaráætlun 2004-2008

Náttúruverndaráætlun ætti að

- skapa tækifæri til að virkja almenning til virkrar þáttöku í náttúruvernd
- skapa stjórnvöldum traustan grunn þegar ákvarðanir eru teknar
- stuðla að góðri sátt um íslenska náttúru



Undirbúningur náttúruverndaráætlunar

Umhverfisstofnun sér um undirbúning og
öflun gagna vegna náttúruverndar-
áætlunar í samráði við:

- Náttúrufræðistofnun Íslands
- náttúrustofur
- hlutaðeigandi náttúruverndarnefndir

***Vinnuhópur skipaður fulltrúum Umhverfis-
stofnunar, Náttúrufræðistofnunar Íslands
og umhverfisráðuneytis***

Efni náttúruverndaráætlunar

Fjalla á um:

Náttúruminjar (náttúruverndarsvæði, lífverur, búsvæði, vistgerðir og vistkerfi) sem ástæða þykir til að friðlýsa – sérkenni og þýðing í náttúru landsins

Taka skal tillit til:

- Menningarlegrar og sögulegrar arfleifðar
- Nauðsynjar á endurheimt vistgerða
- Nýtingar mannsins á náttúrunni
- Ósnortinna víðerna

Efni náttúruverndaráætlunar

Miða skal við að svæði í náttúruverndaráætlun:

- hýsi sjaldgæfar tegundir eða tegundir í útrýmingarhættu
- séu óvenju tegundarík eða viðkvæm fyrir röskun
- séu nauðsynleg til viðhalds sterkra stofna mikilvægra tegunda
- hafi verulegt vísinda-, félags-, efnahags- eða menningarlegt gildi
- séu mikilvæg fyrir viðhald náttúrulegra þróunarferla
- hafi alþjóðlegt náttúruverndargildi
- séu einkennandi fyrir náttúrufar viðkomandi landshluta

Hugmyndafræðin

- Á m.a. rætur að rekja til alþjóðasamninga um náttúruvernd
 - Samningurinn um líffræðilega fjölbreytni
 - Bernarsamningurinn um verndun villtra plantna og dýra og lífsvæða í Evrópu
- Skráning, vernd og uppbygging náttúrulegra vistkerfa, tegunda og búsvæða
- Net verndarsvæða sem tryggir lágmarksvernd líffræðilegrar fjölbreytni

Náttúruverndaráætlun – tveir áfangar

Náttúruverndaráætlun 2004–2008 Aðferðafræði

*Tillögur Umhverfisstofnunar
um friðlýsingar*

Unnið í samvinnu við Náttúrufræðistofnun Íslands



Tillaga til þingsályktunar

um náttúruverndaráætlun 2004–2008.

(Lögð fyrir Alþingi á 130. löggjafarþingi 2003–2004.)

Alþingi ályktar, með vísan til 65. gr. náttúruverndarlaga, nr. 44/1999, að á næstu fimm árum skuli unnið að friðlýsingu fjórtán svæða á landinu til að stuðla að traustari vernd íslenskrar náttúru og framkvæmd alþjóðlegra samninga um náttúruvernd hér á landi. Jafnframt verði á tímabilinu unnið áfram að stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs.

Náttúruverndaráætlunin taki til eftirfarandi svæða:

I. Fuglasvæði.

Þúsæði fugla á eftirtöldum svæðum:

- Alftanes – Akrar – Löngufjörur,
- Alftanes – Skerjafjörður,
- Austara-Fylendið,
- Guðlaugstungur – Aðgeirstungur (Álfgeirstungur),
- Látrabjarg – Rauðasandur,
- Vestmannaeyjar,
- Oxarfjörður.

II. Stækkun þjóðgarða.

Þjóðgarðurinn í Jökulsárgljúfrum verði stækkaður um allt að 78 km² þannig að hann myndi samfellda heild um gljúfrin. Stækkunin nái einkum til lands austan við núverandi þjóðgarðsmörk þannig að Meibavallaskógur, nærliggjandi svæði við norðvesturmark hans og landræma sunnan núverandi marka verði innan þjóðgarðs.

Þjóðgarðurinn í Skafafelli verði stækkaður um nálægt 730 km² svo að hann nái yfir allan Skeiðarsand til sjávar.

III. Stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs.

Unnið verði áfram að stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs og vendarsvæða sem munu tengjast honum á grundvelli ályktunar Alþingis frá 10. mars 1999 svo og ákvörðunar ríkisstjórnarmálar frá 26. september 2000.

IV. Plöntusvæði, gróðurfar og jarðfræði.

Sjaldgæfar plöntugundir, gróðurfar og jarðfræðiminjar á eftirtöldum svæðum:

- Sjaldgæfar plöntugundir:
 - I átruströnd – Náttfaravíkur,
 - Njaróvik – Loðmundarfjörður.

Fyrri áfangi

Gagnagrunnar um náttúrufar

Mat lagt á hvaða lífverur, jarðminjar, vistkerfi, vistgerðir og búsvæði þarfnast verndar

Válistar
Sjaldgæft
Sérstætt
Ábyrgð Íslands
Mikilvægi á landsvísu
Alþjóðlegi samningar

Hvaða landsvæði eru mikilvægust til verndunar á þeim náttúruminum sem eru til umfjöllunar?

Fyrri áfangi

Tillögur Náttúrufræðistofnunar Íslands:

- Landsvæði þar sem gróður er sérstæður og fjölbreyttur og/eða þar sem margar sjaldgæfar plöntutegundir vaxa
- Landsvæði sem eru sérlega mikilvæg fyrir fuglategundir sem Ísland ber mikla ábyrgð á í alþjóðlegu samhengi
- Jarðminjar sem ekki eiga sér friðlýsta fulltrúa

Fyrri áfangi

Tillögur Skógræktar ríkisins:

- Birkiskógar

Tillögur Veiðimálastofnunar:

- Vatnasvæði með mikla lífauðgi og mikilvæg fyrir verndun fiskitegunda

Tillögur sveitarfélaga:

- Sex sveitarfélög lögðu fram beinar tillögur um eða tóku jákvætt í hugmyndir um verndun tiltekinna svæða
- Svæði með menningar- og/eða félagslegt gildi

Niðurstöður í fyrri áfanga



Tillögur um 119 svæði

Úrvinnsla og endanlegt val UST
75 svæði

Áhersla á að uppfylla verndarviðmið í náttúruverndarlögum sem og ábyrgð og skyldur Íslands á alþjóða vettvangi

Undirbúningur endanlegrar náttúruverndaráætlunar

- Umhverfisráðherra, starfmenn ráðuneytis og Umhverfisstofnunar heimsóttu nær öll 75 svæðin
- Fundað með heimamönnum
- Hafði áhrif á afstöðu heimamanna – *algengur misskilningur að friðlýsa ætti án nokkurs samráðs við landeigendur og aðra réttihafa*


**Það hefur verið stefna náttúruverndar-
yfirvalda að friðlýsa ekki svæði nema í
fullri sátt við þá sem landið eiga og
það er vilji fyrir því að svo verði áfram.**



Seinni áfangi - þingsályktunartillaga

- Forgangsröðun tillagna í umhverfisráðu-neyti í samvinnu við Umhverfisstofnun
- **Megináhersla:** heildstætt net verndar-svæða (fuglasvæði), stækkun þjóðgarða, Vatnajökulspjóðgarður og nálæg svæði. Einnig plöntur og jarðminjar
- **14 svæði + Vatnajökull**

Samþykkt náttúruverndaráætlun



- 7 fuglasvæði
- 2 plöntusvæði
- 1 búsvæði (birkiskógur)
- 2 jarðminjasvæði
- 2 stækkun þjóðgarða

Náttúruverndaráætlun/ Fleiri friðlýsingar??

Ekki útilokað að vinna að friðlýsingum annarra svæða samhliða. Þannig er t.d. gert ráð fyrir að áfram verði unnið að friðlýsingum svæða sem komin eru af stað í undirbúningi.

Nýtt dæmi um svæði sem er að fara af stað í undirbúning friðlýsingar að frumkvæði sveitarfélags.

Næstu fimm ár

- Samþykkt Alþingis er stefnumörkun um að Umhverfisstofnun beri að hefja undirbúning friðlýsinga viðkomandi svæða á tímabilinu 2004-2008
- Umhverfisstofnun mun eiga viðræður við hagsmunaaðila, halda kynningarfundum og ítarlegt samráðsferli hefst
- Drög að reglum fyrir svæðin unnin í samráði Umhverfisstofnunar og hagsmunaaðila

Framtíðin

Náttúruverndaráætlun 2009-2013

- meta gildi núverandi og nýrra verndarsvæða
- greina göt í verndun tegunda, jarðminja og landslags
- vistgerðir – náttúruminjar í sjó – vatnakerfi
- Fyllt upp í eyður með nýjum tillögum